



### 3. FUNDUR Á MIÐÖNN 2019-20, MIÐVIKUDAGINN 8. JANÚAR KL. 11:15

#### 1. Bréf til skólaráðs

##### A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

##### B. Önnur bréf:

Þrír nemendur sögðu sig frá námi.

#### 2. Félagslíf NFFG

Árshátíðarundirbúningur á lokametrinum og mun stjórnin kynna árshátíðina á opna fundinum 22.01. Mikið verður um að vera í félagslífinu í janúar og má þar nefna Morfís, Gettu betur, söngkeppni, borðtennismót ofl. NFFG hvatt til að vera með einhverjar uppákomur t.d. í hádeginu til að skapa stemningu fyrir árshátíðina og almennt stemningu í skólanum.

#### 3. Önnur mál

Samþykkt var að skólinn kaupi borðtennisborð og NFFG borðtennispaða og kúlur. Borðið verður staðsett á fyrstu hæð framan við nemendafélagsaðstöðuna.

Fundinn sátu:

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Daníel Breki Johnsen forseti NFFG

Eygló Birna Schiöth Gunnarsdóttir fjármálastjóri NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Ingibjörg Ólafsdóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnadóttir félagsmálafulltrúi

Ylfa Ösp Áskelsdóttir fulltrúi kennara